

3. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2016, haldinn 26. maí 2016 í leikskólanum kl. 16:00. 11. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseth, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Skóladagatal 2016-2017**
- 3. Starfsmannamál**
- 4. Rekstur Undralands**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Undirrituð hóf störf hér á leikskólanum 1. apríl s.l. og hafa þessir tæpu tveir mánuðir liðið hratt og verkefnin verið af ýmsum toga.
- ❖ Í byrjun apríl (7. apríl) kom Eyrún Ísfold Gísladóttir til okkar með námskeið en hún er höfundur námsefnis sem heitir Lubbi finnur málbein þar sem börnum eru kennd bókstafahljóðin. Þetta námskeið var haldið í samstarfi við Álfaborg í Reykholti. Foreldrafélagið gaf okkur námsefnið og við erum byrjuð að nota það. Á námskeiðið var einnig yngri barna kennurum við Flúðaskóla boðið og mættu tveir kennarar auk Kolbrúnar deildarstjóra.
- ❖ Um miðjan apríl var fundur leikskólastjóra í Brautarholti sem leikskólastjóri fór á.
- ❖ Foreldraviðtöl voru í lok apríl og í þeim kom fram almenn ánægja með leikskólann.

- ❖ Í lok apríl voru einnig starfsmannasamtöl og í framhaldi af þeim voru auglýstar stöður sem þarf að manna fyrir haustið. Nokkrar umsóknir hafa borist og staðan björt.
- ❖ Tilkyppingatafla á kaffistofu er notuð til að láta vita um forföll og annað sem mikilvægt er að starfsmenn viti um eða muni.
- ❖ Starfsdagur var 27. apríl og þar var vinna við læsisstefnu kynnt, við fengum fyrirlestur eða kynningu frá Sigurjóni félagsráðgjafa hjá Skóla- og velferðarþjónustunni og svo var tíminn notaður í skipulag á Lubba efni.
- ❖ Í byrjun maí fóru Ingibjörg og Freyja á kynningarfund í HÍ um vettvangsnám en leikskólinn okkar er svokallaður móttökuskóli. Þetta var skemmtilegur og fræðandi fundur.
- ❖ Elstu börnin hafa farið í heimsóknir í Flúðaskóla og fyrstu bekkingar komið hingað í heimsókn.
- ❖ Við tókum þátt í rusladegi, fórum í heimsókn í Hruna til að sjá sauðburð og 26. maí var síðan vordagur og vorhátíð.
- ❖ Nefnd sem skipuð var til að fara yfir starfsmannahandbók og skerpa á verklagsreglum hefur fundað tvisvar og vinna komin vel á veg við að endurskoða handbókina. Stefnan er sett á að ný handbók verði kynnt fyrir starfsfólki í vor og kláruð í haust.

2. Skóladagatal 2016-2017

Leikskólastjóri fór yfir dagatal leikskólans fyrir næsta starfsár, 2016-2017. Rætt um og farið yfir einstaka liði þess. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

3. Starfsmannamál

Farið var yfir mönnun næsta skólaár. Umsóknir hafa borist um þau störf sem voru auglýst í vor. Verið er að vinna í umsóknum.

4. Rekstur Undralands

Farið var yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Líklegt er að launaliður fari fram úr áætlun.

5. Önnur mál

a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 2 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:00